

## SAMÞYKKT

### um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi tekur til leyfisveitinga, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa í Húnavatnshreppi. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Frárennsli sérhverrar húseignar í Húnavatnshreppi, sem ekki er unnt að tengja við holræsakerfi í eigu og rekstri sveitarfélagsins, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafna siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Þar sem þannig hagar til að ekki verði komið við rotþró og reglubundinni seyrulosun, getur heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra heimilað aðrar lausnir.

Húsráðendur og forsvarsmenn fyrirtækja eða stofnana eru ábyrgir fyrir því að fráveitur húsa á þeirra vegum séu í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

Samþykki heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra þarf fyrir nýjum og endurbættum fráveitum. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki heilbrigðisnefndar og úttekt byggingarfulltrúa.

#### 2. gr.

Húnavatnshreppur annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. seyrulosun úr rotþró, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra annast eftirlit með starfsemi.

Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru, enda hafi viðkomandi starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Umráðamenn eða eigendur fráveitna skv. 1. gr. geta þó falið öðrum en Húnavatnshreppi meðhöndlun seyru, enda framvísi þeir samningi til þriggja ára í senn, að lágmarki, við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi.

#### 3. gr.

Meðhöndlun seyru skal framkvæmd undir yfirstjórn Húnavatnshrepps, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs, förgunar eða nýtingar á seyru, í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

#### 4. gr.

Rotþrær og siturlagnir skulu yfirfarnar annað hvert ár að jafnaði. Aðili með gilt starfsleyfi til meðhöndlunar seyru skal annast það verk og fjarlægja seyru þegar þess gerist þörf, þannig að virkni rotþróa og siturlagna sé tryggð.

Eigandi fráveitunnar (húseignar) skal sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

#### 5. gr.

Hreppstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna seyrulosunar og eftirlits með fráveitum samkvæmt 1. gr. með gjaldskrá sem sett er á grundvelli 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og að fenginni umsögn heilbrigðis-

nefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Birta skal gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald af eiganda eða umráðamanni fráveitu, ef seyrulosun er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útilús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu.

Gjald þetta skal þó aldrei vera herra en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

7. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna seyrulosunar eða meðhöndlunar seyru skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við sveitarstjóra Húnavatnshrepps. Viðkomandi á málskotsrétt til heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Að öðru leyti fer um málskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Mál út af brotum á samþykkt þessari eða gjaldskrá sem settar eru samkvæmt henni skal fara með að hætti opinberra mála.

8. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Húnavatnshrepps staðfestist samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 3. janúar 2007.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*